

Nr. 015 / 12 Hafgeir ÍS 117***Vélarvana og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 6752
Smíðaður: Hafnarfirði 1986 plast
Stærð: 5,3 brl. 5 bt.
Mesta lengd: 7,98 m Skráð lengd: 7,9 m
Breidd: 2,56 m Dýpt: 1,38 m
Vél: Yanmar 140 kW 1999
Fjöldi skipverja: 2



Hafgeir ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. ágúst 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 13. febrúar 2012 var Hafgeir ÍS 117 á siglingu til hafnar í Hafnarfirði. Veður: SV 8-9 m/sek í Straumsvík.

Þegar komið var inn undir hafnargarðinn stöðvaðist vélin endanlega eftir nokkrar gangtruflanir. Þar sem engin legufæri voru tiltæk og bátinn rak að landi óskaði skipstjóri eftir aðstoð.

Björgunarbáturinn Fiskaklettur var sendur til aðstoðar og dró hann Hafgeir ÍS að bryggju.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra var ætlunin að sigla fram á fjörðinn í prufukeysrslu áður en báturinn yrði tekinn á land og var því búið að taka í land flestan lausann búnað og þar með talið legufærin. Vélin hafði stöðvast tvisvar áður á siglingunni en farið aftur í gang og gengið í skamman tíma;
- að vélin gekk eðlilega þegar olía var tekin beint inn á fæðidælu vélarinnar úr lausu íláti (brúsa);
- að olíutankurinn var hreinsaður fyrr í vetur og þegar hann var opnaður kom í ljós að límkítta sem hafði verið smurt undir lokin (4 lok) var allt of mikið og hefur gubbast undan lokunum niður í olúna og stíflað leiðslur.

Nefndarálit:

Orsök bilunarinnar voru óvönduð vinnubrögð við frágang á lokun olíutanks eftir hreinsun.

Nefndin gerir alvarlegar athugasemdir við að skipstjórinn hafi látið úr höfn án legurfæra en þá er skip ekki lengur hæffært.